

Kröfur áfrýjanda um sýknun eða niðurfærslu hinnar í dæmdu sektar verða því eigi til greina teknar, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm í öllum greinum. Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar er hin stefnda mætti eigi nje ljet mæta, fellur að sjálfsögðu niður. — Það vottast, að rekstur þessa gjafsóknarmáls í hjeradi hefur verið víta laus.

Því dæmist rjett að vera :

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans; sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 4. febrúarmánaðar.

Nr. 53/1894:

Rjettvísinn

gegn

Vilhjálm Ingimagnssyni og
Guðnýju Sigurðardóttur.

Dómur :

Með dómi, upp kveðnum í aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 9. dag ágústmánaðar f. á. var hinn ákærði Vilhjálmur Ingimagnsson dæmdur fyrir þjófnað til að sæta fangelsi við vatn og brauð 3 × 5 daga, og til að greiða allan sakarkostnað, en hin meðákærða Guðný Sigurðardóttir var sýknuð af ákæru rjettvísinnar. Þessum dómi

sem hinn ákærði Vilhjálmur Ingimagnsson fyrir sitt leyti hefur viljað una við, hefur fyrir bæði hin ákærðu verið skotið til yfirdómsins af amtmanninum yfir Suður- og Vesturamtinu.

Það er sannað í máli þessu með játningu hins ákærða Vilhjálms Ingimagnssonar sjálfs og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið, að hann, sem er fæddur 20. okt. 1874 og virðist vera mjög fákunnandi og vitsmunasljór, hafi gjört sig sekan í eptirgreindum afbrotum. Veturinn 1891—92 stal hinn ákærði tvívegis kandís-sykri í vöru-geymsluhúsi Böðvars kaupmanns Þorvaldssonar á Skipaskaga. Var sykrið geymt fyrir innan grindur á geymsluhúsloftinu; í síðara skiptið fór hinn ákærði inn fyrir grindurnar með því móti, að hann tók úr þeim tvo lausa spela, og skreið síðan inn gegnum opið; það verður og að álíta, að hann hafi á sama hátt farið inn í þetta grinda-herbergi í fyrra skiptið, þótt framburður hans í því efni sje nokkuð á reiki, og hann enda við síðasta prófsrjettarhaldið hafi skýrt svo frá, að hann og annar drengur hafi kippt sínum spelanum hvor úr grindunum, en hvort spelarnir þá hafi verið svo fastir, að hann hafi þurft að beita ofbeldi til þess, er ekki upplýst í málinu, og hefur piltursá, sem þá tjáist hafa verið í verknaði með ákærða, þverlega þrætt fyrir það. Hinn ákærði tjáist hafa fyllt báða buxnavasa sína með kandís-sykri í fyrra skiptið, og hafi hann afhent móður sinni, hinni meðákærðu, það. Í síðara skiptið var hann staðinn að verkinu, er hann var að láta sykrið í vasa sína, og

varð hann þá að sleppa þýfinu. Vorið 1892 stal ákærði 15 netakúlum; tók hann þær undan bát hjá húsi eigandans, og seldi þær öðrum manni, en eigandinn hefur fengið þær aptur. Um haustið sama ár, þá er ákærði átti heima á Hvitárvöllum, stal hann úr læstum kassa í lokaðri kommódu-skúffu þar á heimilinu nærfellt 15 kr. í peningum; lyklana að kommódu-skúffunni og kassanum tók hann úr efstu kommódu-skúffunni, sem var opin og ólæst. Peningar þessir hafa að mestu leyti aptur komið til skila. Skömmu síðar stal ákærði 50 a. úr ólæstu kofforti á Hvitárvöllum, en skilaði eigandanum þeim aptur seinna. Einbvern tíma sumarið næst á undan stal ákærði einnig á sama bæ dálitlu af kandís-sykri, en það var tekið af honum. Seint á árinu 1893 stal hinn ákærði nokkru af kandís-sykri úr hjall-lopti í Króki á Skipaskaga; hjallurinn var opin og loptið ólæst eftir framburði ákærða, sem ekki hefur verið hnekkð í þessu efni. Hinn 27. febrúarm. f. á. stal ákærði um kvöldtíma nálægt því 10 kr. úr peningaskúffu í verzlunarbúð kaupmanns Snæbjarnar Þorvaldssonar; útidyrnar á húsinu voru ólæstar, og lykillinn stóð í skránni á búðarhurðinni; peningaskúffan var einnig ólæst; þessum peningum hefur að mestu leyti verið skilað aptur. Í fyrra vetur stal hinn ákærði einnig þrívægis harðfiski úr ólæstum hjalli húsbónda síns, en fiskurinn var annars manns eign. Hve marga fiska hann tók í tvö fyrri skiptin, hefur eigi orðið upplýst, en hann lagði þá inn í verzlanir, og tók brauð og

sykur út fyrir þá. Í síðasta skiptið voru fiskarnir 11, en þar eð menn urðu varir við athæfi hans, áður en hann hafði hagnýtt sjer þýfið eða komið því undan, varð hann að sleppa því, og komust fiskarnir þannig til skila. Endurgjalds fyrir það, sem hinn ákærði hefur stolið og eigi hefur verið skilað aptur, hefur eigi verið krafizt. Hin tilgreindu afbrot hins ákærða koma öll undir 230. gr. almennta hegningarlaga 25. júní 1869, og virðist hann eptir skýrslum málsins, framkomu hans í heild sinni og framlögðu læknisvottorði ekki geta notið refsingar-lækkunar eptir 40. gr. hegningarlaganna. Verður því að ákveða refsinguna eptir áðurgreindri grein tjeðra laga, sbr. 63. gr., 47. gr. og enn fremur 38. gr., og þykir 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð hæfileg refsing, eins og undirdómarinn hefur dæmt.

Að því er snertir hina meðákærðu Guðnýu Sigurðardóttur, er það eigi sannað, að hún hafi gjört sig seka í neinu hegningarverðu athæfi, og verður því að sýkna hana, eins og hjeradsdómarinn hefur gjört.

Með því að yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði undirrjettardómsins um málskostnað, verður að samþykkja hann í heild sinni. Hinn ákærði Vilhjálmur Ingimagnsson verður eptir þessum úrslitum að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. — Það hefur stadið mjög lengi á rannsókn og rekstri máls þessa

í hjerði, en með því að dráttur þessi virðist nokkurn veginn nægilega rjettlættur af hjerðsdómaranum, verður hann eigi látinn sæta ábyrgð fyrir hann. Að öðru leyti hefur meðferð hjerðsdómarans á málinu verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Hinn ákærði, Vilhjálmur Ingimagnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málfutningskaup til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 11. febrúarmánaðar.

Nr. 55/1893:

Rjettvísín

gegn

Pjetri Nielssyni,

Steinvöru Einarsdóttur o. fl.

Dómur:

Mál þetta er höfðað gegn hinum ákærða fyrir þjófnað og hlutdeild í þjófnaði og fyrir ólögmæta meðferð á fundnum fjármunum eða fjármunum komnum í vörzlur þeirra eða þvillikum afbrotum, en hvað Ólaf Eiríksson snertir fyrir rangan vitnis-